

Miðvikudaginn 23. september 1981.

Nr. 213/1980. **Ákærvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Eiríki Stefánssyni

(Skarphéðinn Þórisson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr og Magnús Þ. Torfason.

Héraðsdóm kvað upp Árni Pálsson, fulltrúi bæjarfógetans á Akureyri.

Við ákvörðun refsingar ber að leggja til grundvallar viðurlög þau, er greinir í 45. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sem í gildi voru, þegar ákærði framdi brot sitt, en viðurlögum 5. gr. laga nr. 52/1978 verður ekki beitt, sbr. 2. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Refsing ákærða þykir hæfilega ákveðin 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað sektarinnar 10 daga varðhald, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Dæma ber ákærða til að greiða allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.

Í ákæruskjali 20. nóvember 1979 er ákærði sakaður um að hafa ekið bifreiðinni A 6229 undir áhrifum áfengis hinn 6. maí 1978. Er skrásetningarnúmer bifreiðarinnar ranghermt og á að vera A 6529, svo sem greinir í lögregluskýrslu. Allt um það er unnt að leggja dóm á ákæruefnið, sbr. 118. gr., 3. málsg., laga nr. 74/1974.

Það athugast, að nokkurt hlé varð á prófum máls þessa, sem eigi er gerð grein fyrir.

D ó m s o r ð :

Ákærði, Eiríkur Stefánsson, greiði 3.000.00 króna sekt til ríkissjóðs, og komi í stað hennar 10 daga varðhald, ef hún verður eigi goldin innan 4 vikna frá birtingu dóms þessa.

Ákvæði héraðsdóms um ökuleyfissviptingu og sakarkostnað eiga að vera óröskuð.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun til ríkissjóðs, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Skarp-héðins Þórissonar hæstaréttarlögmanns, 2.000.00 krónur.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Akureyrar 29. janúar 1980.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 17. janúar 1980, er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 20. nóvember 1979, „á hendur Eiríki Stefánssyni, Lækjarbakka í Glerárhverfi, Akureyri, fæddum 10. ágúst 1951 á Akureyri, fyrir að aka aðfaranótt laugardagsins 6. maí 1978 undir áhrifum áfengis bifreiðinni A 6229 frá Gránufélagsgötu 19 á Akureyri að Hafnarstræti þar í bænum.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. lög nr. 54/1976, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 33. gr. áfengislaga nr. 82/1969, sbr. lög nr. 52/1978.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til ökuleyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.“

Samkvæmt sakavottorði ákærða hefur hann ekki áður sætt kærur eða refsingum, svo kunnugt sé.

Málavextir eru þessir:

Laust fyrir kl. 0300 aðfaranótt laugardagsins 6. maí 1978 voru lögreglumennirnir Gunnar Randversson, Ófeigur Baldursson, Daníel Snorrason og Felix Jósafatsson á eftirlitsferð á lögreglu-bifreiðinni A 5194. Óku þeir norður Skipagötu. Á móts við verslunina Gránu mættu þeir sendiferðabifreiðinni A 6529, báru þeir kennsl á ökumann bifreiðarinnar, sem var Eiríkur Stefánsson, ákærði í máli þessu. Sneru lögreglumennirnir þegar á eftir bif-

reiðinni, þar sem þeir höfðu haft afskipti af ákærða vegna ölvunar á Ráðhústorgi skömmu áður. Óku lögreglumennirnir suður Skipagötu og síðan suður Hafnarstræti, og á gatnamótum Skipagötu og Hafnarstrætis sáu þeir til ferða bifreiðarinnar A 6529. Komu lögreglumennirnir að bifreiðinni A 6529, þar sem henni hafði verið lagt við hús nr. 39 við Hafnarstræti, og var ákærði að ganga frá bifreiðinni. Ákærði neitaði þá að hafa verið að aka bifreiðinni, en lyklar hennar fundust í öskubakka hennar. Vél bifreiðarinnar reyndist volg, og var ákærði færður á lögreglustöðina til frekari rannsóknar. Ákærði viðurkenndi að vera undir áhrifum áfengis, en neitaði að svara spurningum varðandi akstur bifreiðarinnar A 6529.

Við yfirheyrslu á lögreglustöðinni laugardaginn 6. maí, kl. 1615, kvaðst ákærði hafa drukkið vínblöndu úr þremur glös-um, er hann hefði keypt sjálfur, og eitthvað hefði hann drukkið meira hjá fólki, er hann hitti á dansleik í Sjálfstæðishúsinu. Ákærði segist nú hafa ekið bifreiðinni A 6529 frá húsi nr. 17 við Gránufélagsgötu til heimilis síns að Hafnarstræti 39. Ákærði kvaðst hafa fundið nokkuð til áfengisáhrifa við aksturinn. Niðurstaða alkóhólákvörðunar í blóði ákærða með gasgreiningu á súlu sýnir magn alkóhóls í blóði 1.97‰.

Niðurstaða.

Þegar virt eru sakargögn, þykir sannað, að ákærði hafi við aksturinn frá Gránufélagsgötu 17 að Hafnarstræti 39 laugardaginn 6. maí 1978 verið undir áhrifum áfengis í þeim mæli, að við lagaboð varði. Háttsemi ákærða er í ákæruskjali færð til réttar refsíákvæða. Ber því að taka til greina kröfur ákærvaldsins.

Ákærði gerir þær kröfur, að honum verði einungis gert að sæta ökuleyfissviptingu í 4 mánuði. Byggir hann þetta að því er virðist á því, að dráttur hafi orðið á afgreiðslu þessa máls, og því, að hann hafi dvalið í Grímsey um 9 mánaða skeið, eða frá því í október 1978 þar til í júní 1979. Segist ákærði ekki hafa getað ekið bifreið í eygni, þar sem einungis ein bifreið var þar. Samkv. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 skal svipta mann ökuleyfi, sem gerist brotlegur við 1. eða 2., sbr. 3. og 4. mgr. 25. gr. sömu laga. Ef sérstakar málsbætur eru, er heimilt að sleppa sviptingu réttinda vegna brota á 1. og 2., sbr. 3. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, sbr. 2. mgr. 81. gr. umferðarlaga in fine. Varði brotið 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 40/1968, skal svipting hið skemmsta vera 1 ár, sbr. 3. mgr. 81. gr. sömu laga. Eigi verða því kröfur ákærða teknar til greina, og þykir refsing hon-

um til handa hæfilega ákveðin kr. 200.000 í sekt til ríkissjóðs, og komi 15 daga varðhald í stað sektarinnar, verði hún eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu dóms þessa. Með vísan til 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968 og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga nr. 82/1969 er ákærði sviptur ökuleyfi í 12 mánuði frá dómsbirtingu. Þá ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Eiríkur Stefánsson, greiði kr. 200.000 í sekt til ríkissjóðs.

Ákærði sæti 15 daga varðhaldi, verði sektin eigi greidd innan fjögurra vikna frá birtingu þessa dóms.

Ákærði er sviptur ökuleyfi í 1 ár frá dómsbirtingu.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 23. september 1981.

Nr. 22/1981. **Ákæruvaldið**

(Þórður Björnsson ríkissaksóknari)
gegn

Ragnari Ingimundi Ágústssyni

(Hilmar Ingimundarson hrl.).

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum. Ökuhraði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Sigurgeir Jónsson.

Með skirskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms þykir mega staðfesta hann.

Ákærði greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, 2.000.00 krónur, og málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, 2.000.00 krónur.